

AUGLÝSING

um staðfestingu úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2016-2017.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með áorðnum breytingum, hefur mennta- og menningarmálaráðherra hinn 15. mars 2016 staðfest úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 2016-2017 samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari. Úthlutunarreglurnar voru samþykktar á fundi stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hinn 22. mars 2016. Úthlutunarreglurnar taka gildi 1. apríl 2016.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 29. mars 2016.

Illugi Gunnarsson.

Ásta Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.**I. KAFLI
Lánshæft nám.****1.1 Almenn.**

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms við viðurkennda skóla eða menntastofnanir sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi. Sjóðnum er heimilt að veita námslán til sérnáms.

Nám telst lánshæft ef það er skipulagt sem fullt nám í kennsluskrá skóla, 60 ECTS-einingar (ECTS stendur fyrir „European Credit Transfer and Accumulation System“) á hverju skólaári eða a.m.k. 30 ECTS-einingar á hverju misseri í þeim tilvikum þegar námsskipulagið nær ekki yfir heilt skólaár. Skráning nemenda hjá skóla ræður því hvort námsmaður telst í lánshæfu námi eða ekki.

Heimilt er að veita námslán vegna skólagjalda, án framfærslu, til náms sem ekki er skipulagt sem 60 ECTS-eininga nám á skólaárinu, sbr. 2. mgr. Námið verður þó að vera skipulagt sem a.m.k. 45 ECTS-eininga nám á hverju námsári, þ.e. 75% af fullu námi, sbr. gr. 2.1, þó aldrei á lengri tíma en 12 mánuðum.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Þetta gildir m.a. um launað framhaldsnám lækna.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms sem er framhald af doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. gr. 2.1, telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að umsækjandi sé orðinn fjárráða á þeirri önn sem sótt er um námslán vegna.

1.1.1 Réttindi íslenskra námsmanna.

Íslenskir ríkisborgarar eiga rétt til námslána uppfylli þeir eitt af eftirtöldum skilyrðum, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 478/2011:

1. Umsækjandi hafi haft 5 ára samfellda búsetu á Íslandi fyrir umsóknardag.
2. Umsækjandi hafi verið við launuð störf hér á landi:
 - a. síðustu 12 mánuði fyrir umsóknardag og haft samfellda búsetu á Íslandi á sama tíma eða,
 - b. starfað í skemmri tíma en 12 mánuði fyrir umsóknardag og haft búsetu á Íslandi í tvö ár samanlagt á samfelldu 5 ára tímabili.
3. Hafi launað starf umsækjanda síðustu 12 mánuði fram að upphafi náms ekki verið samfellt, er þó heimilt að samþykkja umsókn í ákveðnum tilvikum sem eru tilgreind í 3. gr. reglugerðar nr. 478/2011.

Að auki er stjórn sjóðsins heimilt í sérstökum tilfellum að leggja sterk tengsl umsækjanda við Ísland að jöfnu við að framangreind skilyrði séu uppfyllt.

1.1.2 Réttindi norrænna námsmanna.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda fá þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma.

1.1.3 Réttindi EES-ríkisborgara sem eru launþegar/sjálfstætt starfandi og fjölskyldumeðlima þeirra.

Námsmenn, sem eru launþegar/sjálfstætt starfandi eða halda þeirri stöðu samkvæmt reglum EES-réttar og eru ríkisborgarar í EES-ríki og fjölskyldur þeirra og aðrir sem eru á þeirra framfæri, eiga rétt á námslánum í samræmi við skilyrði 4. gr. reglugerðar nr. 478/2011.

1.1.4 Réttindi EES-ríkisborgara annarra en sem tilgreindir eru í grein 1.1.3.

Námsmenn sem eru ríkisborgarar í EES-ríki, aðrir en þeir sem tilgreindir eru í grein 1.1.3 eiga rétt á námslánum í samræmi við skilyrði 5. gr. reglugerðar nr. 478/2011.

1.1.5 Réttindi annarra erlendra námsmanna.

Erlendir ríkisborgarar öðlast lánsrétt eins og íslenskir námsmenn á þeirri önn sem samþykkt er að veita þeim íslenskan ríkisborgararétt.

Erlendur ríkisborgari, sem ekki er ríkisborgari á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) getur sótt um námslán vegna náms sem er stundað á Íslandi eða á Norðurlöndunum ef viðkomandi uppfyllir bæði eftirtalin skilyrði:

1. er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara sem uppfyllir skilyrði gr. 1.1.1 og
2. hefur átt lögheimili á Íslandi í að lágmarki 2 ár af síðastliðnum 5 árum áður en nám hefst.

1.2 Lánshæft nám á Íslandi.

1.2.1 Háskólanám.

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Háskóla Íslands
Háskólanum á Akureyri
Háskólanum á Bifröst
Háskólanum á Hólum
Háskólanum í Reykjavík
Landbúnaðarháskóla Íslands
Listaháskóla Íslands

1.2.2 Sérnám á Íslandi.

Lánshæft sérnám á Íslandi er löggilt iðnnám og annað a.m.k. eins árs starfsnám á framhaldsskólastigi sem hlotið hefur staðfestingu ráðherra samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla og uppfyllir að auki öll eftirfarandi skilyrði:

1. námið hafi fengið jákvæða umsögn af viðkomandi starfsgreinaráði,
2. námið sé ekki launað samkvæmt kjarasamningi umfram grunnframfærslu námslána á Íslandi, sbr. gr. 3.1.1 og 3.2,
3. námslok séu á þriðja hæfnisþrepi og
4. sambærilegt nám sé almennt ekki í boði á háskólastigi hér á landi.

Ef sérnám hefst beint eftir grunnskólapróf skal ekki veita lán vegna fyrstu annar námsins og sé námið skipulagt lengra en fimm annir skal ekki veita lán vegna tveggja fyrstu annanna. Að hámarki skal veita lán fyrir 75% af heildarnámstíma að meðtöldum launuðum starfsnámstíma.

Nám í fjölbrauta- og menntaskólum og öðrum skólum sem bjóða upp á nám sem er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs, er ekki lánshæft samkvæmt þessari grein.

1.3 Lánshæft nám erlendis.

1.3.1 Háskólanám.

Lánað er til náms við alþjóðlega viðurkennda háskóla erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.5 um lán vegna skólalagjalda.

1.3.2 Sérnám.

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis. Lánshæfi er háð því að um sé að ræða viðurkenndan skóla af menntamálayfirvöldum í landinu, námið sé skipulagt sem a.m.k. eins árs nám og sé nægilega veigamikilið að mati stjórnar sjóðsins hvað varðar eðli, uppbyggingu, inntökuskilyrði og starfsréttindi. Gerðar eru sams konar kröfur til lánshæfs sérnáms erlendis og sérnáms innanlands, þar á meðal um að sambærilegt nám sé ekki í boði á háskólastigi á Íslandi. Ekki er lánað til starfsnáms sem er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu, sbr. gr. 3.1.2 og 3.2.

1.3.3 Tungumálanám sem undirbúningsnám.

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms ef það er nauðsynlegur undirbúningur undir lánshæft nám í landi þar sem annað tungumál en enska og norðurlandamál (annað en finnska) er talað.

Heimilt er að líta á undirbúningsnám í tungumálum sem nám á meistara- eða doktorsstigi, sbr. gr. 2.3.2 og 2.3.3, hafi námsmaður lokið grunnháskólanámi og hyggist stunda meistara- eða doktorsnám í sömu grein.

Ef námsmaður hefur áður fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli er ekki veitt lán til undirbúnings tungumálanáms.

Hámarkseiningafjöldi sem veitt er lán til samkvæmt þessari grein, fer eftir viðkomandi tungumáli og er á bilinu 30-90 ECTS-einingar. Sjá nánar í fylgiskjali III.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu tungumálanámi er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í því námi. Fáir námsmaður tungumálanámið metið til styttingar á nýju námi kemur það til styttingar á þeim tíma sem námsmaður á ekki rétt á aðstoð.

Lánshæfi undirbúningsnáms í tungumálum er háð því að um sé að ræða a.m.k. tveggja mánaða skipulagt nám sem talist getur nægjanlega veigamikil að því er varðar eðli og uppbyggingu að mati stjórnar sjóðsins (a.m.k. 15 kennslustundir á viku). Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

Áður en lán vegna undirbúningsnáms í tungumálum er afgreitt að fullu þarf að liggja fyrir staðfesting á inngöngu í lánshæft nám í sama landi.

1.4 Upplýsingar um lánshæft nám.

Á heimasíðu sjóðsins liggja fyrir leiðbeinandi upplýsingar um skóla og námsbrautir sem lánað hefur verið til. Ef sótt er um lán í skóla eða námsbraut sem sjóðurinn hefur ekki lánað til þarf stjórn sjóðsins að fjalla um málið. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar upplýsingar um skólann og námsbrautina.

Sjóðnum er á hverjum tíma heimilt að endurskoða hvort skólar og námsbrautir séu lánshæfar hjá sjóðnum. Sjóðnum er jafnframt heimilt að óska eftir nýjum gögnum sem staðfesta að skóli eða námsbraut uppfylli kröfur sjóðsins um lánshæft nám, hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda skóla. Þó að skóli eða námsbraut hafi verið metin lánshæf telst það ekki loforð eða trygging fyrir því að svo verði áfram.

II. KAFLI Námsframvinda.

2.1 Almennt.

Almennt telst námsmaður í fullu námi ljúki hann 60 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á skólaári í einum námsferli. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsráðu.

Veitt er að hámarki lán fyrir 30 ECTS-einingum á hverju misseri eða 20 ECTS-einingum á hverjum fjórðungi. Á sumarönn er veitt lán fyrir að hámarki 20 ECTS-einingum. Aldrei er veitt meira lán en fyrir 80 ECTS-einingum á hverju námsári. Framfærslulán fyrir 80 ECTS-einingum miðast við framfærslu námsmanns í 12 mánuði á ári.

Hámarksfjöldi eininga sem lánað er fyrir á einstökum námsbrautum tekur mið af skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs en metnar einingar úr fyrra námi teljast ekki til námsframvindu.

2.1.1 Sumartími.

Nám á sumarönn tilheyrir undangengnu skólaári. Námsmaður þarf að ljúka að lágmarki 15 ECTS-einingum á sumarönn til að eiga rétt á sumarláni. Aldrei er veitt meira lán en sem nemur 20 ECTS-einingum á sumarönn og 80 ECTS-einingum samtals á hverju námsári. Sækja þarf sérstaklega um sumarlán. Til að eiga rétt á sérstöku skólagjaldaláni á sumarönn þarf námsmaður að ljúka a.m.k. 60 ECTS-einingum á námsárinu, sbr. gr. 4.5.

2.2 Lánshæfar einingar.

Til að eiga rétt á námsláni þarf námsmaður að vera skráður í að lágmarki 22 ECTS-einingar til loka hvers misseris og ljúka að lágmarki 22 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á hverju misseri eða samsvarandi hlutfalli á önn í fjórðungaskólum í einum námsferli. Einungis er heimilt að veita lán til náms í tveimur eða fleiri námsferlum á sömu önn ef námsmaður er að ljúka grunnskólanámi og hefur fengið leyfi skóla til að hefja meistaranám í sama fagi. Sama gildir þegar námsmanni er gert af skóla að bæta við sig námskeiðum í lánshæfu grunnskólanámi samhliða meistaranámi. Þessi heimild er háð því að námsmaður hafi ekki áður fullnýtt svigrúm sitt til námslána samkvæmt gr. 2.3.

Ljúki námsmaður 22 – 30 ECTS-einingum á misseri á hann rétt á láni vegna lokinna eininga, þ.e. allt að 30 ECTS-einingum.

Einungis er lánað einu sinni fyrir hverja lokna einingu nema í námi þar sem fjöldatakmörkanir eru, sbr. gr. 2.4.1.

Ef lánsréttur námsmanns á tilteknu námsstigi er undir lágmarksnámsframvindu kröfum er heimilt að veita námsmanni lán sem nemur eftirstöðvum einingarréttar hans svo framarlega sem ljúki hann að lágmarki 22 ECTS-einingum á misseri eða samsvarandi hlutfalli á önn í fjórðungaskólum í einum námsferli.

2.3 Námslengd.

Hver námsmaður getur fengið námslán fyrir allt að 480 ECTS-einingum samanlagt með þeim takmörkunum sem leiðir af skiptingu lánsréttar milli námsstiga. Í gr. 2.3.1 – 2.3.5 er gerð nánari grein fyrir skiptingu lánsréttar milli námsstiga.

2.3.1 Grunnám.

Námsmaður á rétt á láni fyrir 180 ECTS-einingum í grunnnámi. Með grunnnámi er átt við sérnám og grunnháskólanám.

2.3.2 Meistaránám.

Námsmaður á rétt á láni fyrir 120 ECTS-einingum í meistaránámi eða sambærilegu námi að loknu þriggja ára háskólanámi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir fjögur ár. Allt að eins árs starfstengt viðbótarháskólanám, sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. kennslufræði til kennsluréttinda, félagsráðgjöf og námsráðgjöf, getur talist vera nám á meistarastigi.

2.3.3 Doktorsnám.

Námsmaður á rétt á láni fyrir 60 ECTS-einingum í doktorsnámi. Hafi námsmaður ekki fullnýtt svigrúm sitt skv. grein 2.3.2 er heimilt að nýta eftirstöðvar þeirrar lánsheimildar til doktorsnáms.

2.3.4 Sameiginlegt svigrúm.

Að auki á hver námsmaður rétt á láni fyrir 120 ECTS-einingum til viðbótar að eigin vali á grunn-, meistara- eða doktorsstigi.

2.3.5 Gildissvið eldri reglna.

Námsmaður skal njóta réttar hvað varðar námslengd (skv. kafla 2.3) samkvæmt þeim reglum sem í gildi voru við upphaf námsferils hans. Heimild þessi fellur niður ef námsmaður hefur nýjan námsferil eða gerir lengra hlé en eitt ár frá námi. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsgráðu.

2.4 Aukið svigrúm í námi.

Þeir námsmenn sem ekki uppfylla skilyrði sjóðsins um lágmarksnámsframvindu á misseri eða önn í fjórðungaskólum, sbr. gr. 2.2, geta sótt um undanþágu vegna aðstæðna sem tilgreindar eru í gr. 2.4.1 – 2.4.7. Í þeim tilfellum sem undanþágur eru samþykktar á grundvelli gr. 2.4.1 – 2.4.6 miðast lánsréttur við lágmarkseiningafjölda, þ.e. 22 ECTS-eingar á misseri í misseraskólum eða 15 ECTS-eingar á önn í fjórðungaskólum.

Þar sem kveðið er á um afhendingu læknisvottorðs í þessum kafla áskilur sjóðurinn sér heimild til þess að óska eftir því að trúnaðarlæknir sjóðsins á hverjum tíma afli upplýsinga hjá viðkomandi lækni um innsent vottorð og gefi umsögn um efni þess. Verði slíkar upplýsingar ekki veittar getur sjóðurinn litið svo á að fullnægjandi umsókn um aukið svigrúm í námi hafi ekki verið skilað.

2.4.1 Almenn.

Námsmaður sem lýkur fleiri en 30 ECTS-einingum á misseri á rétt á að nýta umframeiningarnar á öðru misseri sama námsárs svo framarlega sem lágmarksárangri sé náð á því misseri, sbr. gr. 2.2, eða flytja umframeiningarnar á síðari námsár í sama námsferli. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsgráðu.

Að loknu skólaári (haust- eða vormisseri í misseraskólum og haust-, vetrar- eða vorönn í fjórðungaskólum) skal námsárangur gerður upp. Í þeim tilfellum þar sem námsmaður lýkur ekki lágmarksnámsárangri á hverju misseri eða önn er heimilt að taka tillit til heildarnámsárangurs skólaársins og veita lán á einstökum misserum/önnum í samræmi við einingaskil ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Námsmaður hefur sótt um lán fyrir öllum misserum eða önnum skólaársins.
2. Samanlagður námsárangur skólaársins er að lágmarki 44 ECTS-einingar í misseraskólum eða samsvarandi hlutfall í fjórðungaskóla.
3. Námsmaður hafi verið skráður í að minnsta kosti 22 ECTS-eininga nám á hverju misseri og samsvarandi hlutfall í fjórðungaskóla til loka annar.

Aldrei er veitt meira lán en sem nemur 30 ECTS-einingum á einu misseri eða 20 ECTS-einingum á önn í fjórðungaskóla.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka telst hann skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til og skal skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en lánsréttur hans er metinn. Einingaskuld sem er orðin meira en tíu ára gömul skal þó ekki meðtalin. Þetta á m.a. við þegar endurtaka þarf nám vegna fjöldatakmarkana sem kveðið er á um í reglugerð viðkomandi skóla, eða vegna þess að námsmaður gerir of langt hlé á námi skv. reglum skóla. Þó er heimilt að veita námsmanni, sem skilað hefur fullnægjandi árangri á fyrsta misseri en ekki komist áfram í námi eingöngu vegna reglna um fjöldatakmarkanir, lán til þess að endurtaka misserið einu sinni.

Ef námsmaður hefur fengið lán í skiptinámi erlendis (t.d. Erasmus eða Nordplus) og einingarnar í skiptináminu nýtast ekki að fullu til lokaprófs, er heimilt á lokaönn námsins að veita undanþágu frá gr. 2.1 og samþykkja lán fyrir viðbótareiningum umfram hámarkseiningafjölda námsins skv. skipulagi skóla. Þessi undanþága heimilar að veitt sé lán fyrir 22 ECTS-einingum í misseraskóla og 15 ECTS-einingum á einni önn í fjórðungaskóla, ljúki námsmaður að lágmarki þeim einingafjölda.

2.4.2 Mat á ástundun.

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmaður tekur einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu. Heimilt er að veita lán út á 30 ECTS-einingar ef skýrt kemur fram í vottorði að viðkomandi hafi stundað fullt nám. Þegar niðurstaða námsársins liggur fyrir er námsframvindan endurmetin. Komi þá í ljós að námsframvinda er ekki fullnægjandi á námsárinu er framfærslulán vormisseris **ekki** afgreitt og fyrirframgreidd skólagjaldalán vegna vormisseris endurkrafinn sem ofgreidd lán, sbr. gr. 5.7.

Sé námsmaður að ljúka námi er **ekki** heimilt að afgreiða lán að fullu á námsárinu fyrr en staðfesting á námslokum liggur fyrir.

2.4.3 Veikindi.

Skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi samkvæmt þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi eða hann skili fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir að hann þarf á svigrúminu að halda.

Heimilt er við mat á námsframvindu að taka tillit til þess ef námsmaður veikist verulega á námstíma. Er þá heimilt að bæta allt að 6 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar þannig að lánsréttur miðist við lágmarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.4. Veikist námsmaður á seinni hluta annar eða í prófum er heimilt að bæta allt að 22 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar þannig að lánsréttur miðist við lágmarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.4. Í þeim tilfellum þar sem námsmaður verður að hverfa frá námi vegna veikinda er heimilt að veita hlutfallslegt lán fyrir þann tíma sem námsmaður stundaði nám og staðfestur er af skólayfirvöldum, að hámarki 22 ECTS-einingar í misseraskólum og samsvarandi hlutfall í fjórðungaskólum. Í þeim tilfellum þar sem námsmaður hefur greitt skólagjöld fyrir tímabilið og fær það ekki endurgreitt frá skóla (staðfest af umræddum skóla), verður hann ekki endurkrafinn um skólagjaldalánið eins og um ofgreidd lán hefði verið að ræða. Hámarks-svigrúm eykst **ekki** að jafnaði vegna þessa.

Undanþága þessi getur einnig átt við ef alvarleg veikindi maka, barns eða foreldra námsmanns hafa kallað á innlögn á sjúkrahús eða sambærilega umönnun og þau raskað verulega högum námsmannsins.

Skilyrði fyrir veitingu undanþágu vegna veikinda námsmanns er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma vitjað var lækni og á hvaða tímabili námsmaður var óvinnufær vegna veikinda að mati lækni. Skilyrði fyrir veitingu undanþágu vegna veikinda

maka, barns eða foreldra er að læknisvottorði sé framvísað þar sem greinilega komi fram hvenær læknis var vitjað, að um veruleg veikindi hafi verið að ræða og hvenær umönnunar var þörf. Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts nánustu aðstandenda við mat á námsframvindu. Til nánustu aðstandenda skv. þessari reglu skulu t.a.m. teljast maki, börn og foreldrar námsmanns, systkini námsmanns og börn þeirra.

Námsmaður sem hefur fengið undanþágu vegna veikinda en skilað minna en 16 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum á **ekki** rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrr en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka framangreindum 16 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum.

2.4.4 Barneignir.

Almennt skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi samkvæmt þessari grein er að hann hafi skilað fullnægjandi námsárangri í lánshæfu námi á einu misseri síðustu 12 mánuði áður en hann þarf á svigrúminu að halda eða hann skili fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 16 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar þegar lán til hans er reiknað og miðast þá lánsréttur hans við lágmarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.4. Hámarkssvigrúm eykst **ekki** vegna þessa. Móðir getur þó átt rétt á auknu svigrúmi allt að 3 mánuðum fyrir fæðingu barns vegna veikinda á meðgöngu. Fæðingarvottorð/læknisvottorð þarf að liggja fyrir í slíku tilviki. Námsmanni er heimilt að nýta þetta svigrúm fram að 12 mánaða aldri barns.

Skilyrði þessarar undanþágu er að námsmaður fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á námstíma. Samanlagt skal þó viðbótarsvigrúm beggja foreldra vegna barneignar **ekki** vera hærra en 16 ECTS-einingar í misseraskólum og samsvarandi hlutfall í fjórðungaskólum.

2.4.5 Örorka.

Geti námsmaður vegna örorku sinnar ekki skilað lágmarksnámsárangri, sbr. gr. 2.2 er heimilt að bæta allt að 13 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar og miðast þá lánsréttur hans við lágmarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.4.

Skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessari grein er að fyrir liggi mat læknis á að læknisfræðileg örorka viðkomandi sé a.m.k. 75%. Sækja þarf sérstaklega um fyrirnefnda undanþágu til sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja læknisvottorð.

2.4.6 Lesblinda og aðrir sértækir námsörðugleikar.

Geti námsmaður vegna lesblindu eða annarra sértækra námsörðugleika ekki skilað lágmarksnámsárangri, sbr. gr. 2.2 er heimilt að bæta allt að 13 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við þær einingar sem lokið er og miðast þá lánsréttur hans við lágmarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.4.

Skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessari grein er að fyrir liggi staðfest vottorð/greining um námsörðugleika sem staðfestir að námsmaður geti ekki skilað lágmarksnámsárangri vegna lesblindu eða annarra sértækra námsörðugleika að teknu tilliti til þess svigrúms sem skóli veitir viðkomandi námsmanni til ástundunar náms, próftöku o.s.frv. Þá skal einnig fylgja staðfesting skóla sama efnis. Sækja þarf sérstaklega um fyrirnefnda undanþágu til sjóðsins.

2.4.7 Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok.

Námsmaður sem á einungis kost á því að stunda nám í 10 ECTS-eininga eða 20 ECTS-eininga áföngum á tiltekinni önn, getur fengið lán í hlutfalli við þær einingar sem lokið er svo fremi sem hann ljúki að minnsta kosti 20 ECTS-einingum. Skilyrði þessarar undanþágu er að námsmaður sé skráður í fullt nám (30 ECTS-einingar) til loka annar.

Námsmaður sem á eftir minna en sem nemur 22 ECTS-einingum af einu misseri á lokamisseri í námi getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann á ólokið, enda séu einingaskil **ekki** undir 12 ECTS-einingum.

Námsmaður sem **ekki** getur lokið 22 ECTS-einingum á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrri námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einingum sem í boði eru og einingaskil ekki undir 15 ECTS-einingum.

III. KAFLI Grunnframfærsla og tekjur.

3.1 Grunnframfærsla.

3.1.1 Grunnframfærsla á Íslandi.

Grunnframfærsla á námstíma á skólaárinu er miðuð við námsmann í fullu námi (60 ECTS-einingar á skólaárinu) og er sett fram í fylgiskjali I.

3.1.2 Grunnframfærsla í útlöndum.

Grunnframfærsla í útlöndum á námstíma á skólaárinu er miðuð við landið/borgina þar sem skólinn er staðsettur samkvæmt þeirri ákvörðun sem felst í fylgiskjali II og miðast við námsmann í fullu námi (60 ECTS-einingar á skólaárinu).

3.1.3 Grunnframfærsla skiptinema.

Skiptinemar geta óskað eftir að grunnframfærsla þeirra taki mið af framfærslu í því landi þar sem skiptinámið er stundað og miðast útreikningar á framfærslu í nýju landi við gengi 1. júní 2016. Þessi regla á **ekki** við um Erasmus- og Nordplus-styrkþega og aðra skiptinema sem njóta sambærilegra styrkja í skiptináminu.

3.1.4 Grunnframfærsla fjarnámsnema.

Grunnframfærsla fjarnámsnema miðast við grunnframfærslu á Íslandi. Sama gildir varðandi viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar, sbr. gr. 4.2.

3.2 Framfærsla námsmanns.

Auk grunnframfærslu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru í gr. 4.2 – 4.6 áhrif á framfærslu námsmanns. Tekið er tillit til framfærslu barna yngri en 18 ára sem eru á framfæri námsmanns. Lán samkvæmt gr. 4.7 – 4.9 eru til viðbótar lánnum til framfærslu námsmanns. Tekjur geta því komið til frádráttar þessum lánnum samkvæmt ákvæðum gr. 3.3.

3.3 Tekjur.

3.3.1 Tekjur.

Tekjur námsmanns og maka á árinu 2016, eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á skólaárinu. Stundi námsmaður nám erlendis, eru tekjur hans yfirfærðar í mynt námslands miðað við gengi hinn 1. júní 2016.

45% tekna námsmanns á árinu 2016 umfram 930.000 kr. koma til frádráttar á námsláni. Í þeim tilfellum þegar veitt eru makalán koma 45% sameiginlegra tekna hjóna/einstaklinga í skráðri sambúð á árinu 2016 umfram 1.395.000 kr. til frádráttar á námsláni. Frádrætti vegna tekna skal að jafnaði dreift jafnt á 60 ECTS-einingar.

3.3.2 Komið úr námshléi.

Heimilt er að þrefalda frítekjumark námsmanns sem kemur úr námshléi, sbr. gr. 3.3.1, enda liggi fyrir að hann hafi ekki verið í námi sl. 6 mánuði. Til náms í þessu sambandi telst allt nám hvort heldur sem það er lánshæft eða ekki (t.d. fellur nám í framhaldsskóla hér undir). LÍN áskilur sér rétt til að óska eftir gögnum því til staðfestingar.

3.3.3 Tekjuáætlun – skattframtal.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður skila inn upplýsingum um áætlaðar tekjur á árinu 2016.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á vormisseri skulu sjóðnum berast staðfestar skattframtalsupplýsingar vegna tekna á árinu 2016.

3.3.4 Endanlegt tekjutillit.

Endanlegt tekjutillit á sér stað eftir álagningu skattayfirvalda. Séu tekjur lánþega þá áætlaðar skal sjóðurinn ákvarða honum námsaðstoð í samræmi við áætlunina. Ákvörðunin er endanleg nema lánþegi geri athugasemd við hana innan 30 daga frá því lánþega var kynnt ákvörðunin. Skal þá heimilt að endurskoða hana í samræmi við nýjar tekjuupplýsingar staðfestar af skattayfirvöldum.

3.3.5 Ófullnægjandi tekjuáætlun.

Stjórn sjóðsins getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

3.4 Hvað telst til tekna?

3.4.1 Tekjur á árinu 2016.

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 2016 teljast til tekna við útreikning á láni samkvæmt gr. 3.3.

3.4.2 Námsstyrkir.

Skattskyldir náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“ reiknast sem tekjur, sbr. gr. 4.5.

3.4.3 Sérstakir námsstyrkir.

Styrkir sem veittir eru á vegum Nordplus og Erasmus og annarra sambærilegra skiptinemasamtaka koma ekki til frádráttar á námsláni, sbr. gr. 3.3.1.

3.4.4 Frádráttur frá tekjum.

Til frádráttar tekjum koma:

- a) skólagjöld sem námsmaður fær ekki lánað fyrir vegna þess að hann hefur fullnýtt skólagjalda-rétt sinn skv. gr. 4.5 og
- b) föst afborgun námsláns sem til fellur og greidd er á aðstoðartímabilinu.

3.4.5 Viðbótarlífeyrissparnaður greiddur út 2016.

Þeir umsækjendur sem fá greiddan út viðbótarlífeyrissparnað á árinu 2016 geta óskað eftir því að hann verði undanþeginn við útreikning á námsláni á skólaárinu. Sækja verður um leiðréttingu vegna skólaársins fyrir 1. maí 2017.

3.5 Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp samkvæmt beiðni sjóðsins.

IV. KAFLI Lánaflokkar.

4.1 Almennar forsendur.

Lán taka almennt mið af aðstæðum, fjölskyldustærð og búsetu, eins og þær eru skráðar í þjóðskrá hinn 1. september ár hvert. Ef aðstæður breytast á skólaárinu eftir 1. september er þó tekið tillit til þess við ákvörðun lána samkvæmt gr. 4.2 – 4.4 og 4.9 og mun það leiða til hækkunar eða lækkunar á þeim lið eins og við á.

4.2 Lán með tilliti til húsnæðis.

Námsmenn sem uppfylla skilyrði sjóðsins til þess að fá lán til framfærslu eiga rétt á láni sem nemur grunnframfærslu, sbr. gr. 3.1. Námsmenn geta einnig átt rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar ef þeir búa í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði. Sé óskað eftir slíku viðbótarláni skal námsmaður sanna eðlilegar leigugreiðslur með afriti af greiðslumiða til skattayfirvalda eða staðfesta íbúðareign með vottorði frá þjóðskrá/þinglýsingarvottorði.

Námsmenn sem **ekki** búa í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði eiga **ekki** rétt á viðbótarframfærslu vegna húsnæðiskostnaðar, sbr. greinar 4.2.1 – 4.2.3.

Fjárhæð viðbótarláns vegna húsnæðiskostnaðar tekur mið af fjölskylduaðstæðum námsmanns, það er hjúskaparstöðu og fjölda barna á heimili. Þær fjárhæðir sem um ræðir eru nánar tilgreindar í fylgiskjali I vegna náms á Íslandi og fylgiskjali II vegna náms erlendis.

4.2.1 Einstaklingar sem búa í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði.

Einstaklingur, sem býr einn í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 10.557 á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

4.2.2 Sambúðarfólk sem býr í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði.

Námsmaður í hjónabandi eða skráðri sambúð sem býr í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 7.460 á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

4.2.3 Foreldrar sem búa í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði.

a. Námsmaður í sambúð sem býr í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði.

Námsmaður í hjónabandi eða skráðri sambúð sem er með **eitt barn** á framfæri og býr í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 8.724 á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

Námsmaður í hjónabandi eða skráðri sambúð sem er með **tvö börn eða fleiri** á framfæri og býr í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 9.431 á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

b. Einstætt foreldri sem býr í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði.

Einstætt foreldri með **eitt barn** á framfæri, sem býr í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 17.454 á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

Einstætt foreldri með **tvö börn eða fleiri** á framfæri, sem býr í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð kr. 18.862 á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

Til þess að fá viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar skv. a) og b) lið í þessari grein þarf námsmaður að uppfylla það skilyrði að fara með forsjá barns (alfarið eða sameiginlega).

4.2.4 Námsmenn sem búa hjá efnalítlum foreldrum/foreldri.

Heimilt er að veita námsmanni sem býr í foreldrahúsum, viðbótarlán vegna húsnæðis eins og hann væri í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði, ef tekjur foreldra eða foreldris og sambúðaraðila foreldris, ef því er að skipta, eru undir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til kr. 3.590.000 hjá einstæðu foreldri eða kr. 7.180.000 hjá hjónum eða sambúðarfólki, sbr. gr. 4.2.2.

4.3 Viðbótarlán vegna barna.

Námsmaður getur átt rétt á viðbótarláni vegna framfærslu barna undir 18 ára aldri. Fjárhæð viðbótarláns fyrir hvert barn á framfæri námsmanns er kr. 4.425 fyrir hverja lokna ECTS-einingu.

Námsmaður á rétt á viðbótarláni vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé vegna barna undir 18 ára aldri. Fjárhæð viðbótarláns vegna meðlags er kr. 4.425 fyrir hverja lokna ECTS-einingu fyrir hvert barn sem námsmaður sannarlega greiðir meðlag með.

Námsmaður fær **ekki** viðbótarlán með barni/börnum nema hann fari með forsjá barns eða að hann greiði meðlag með barni. **Ekki** er heimilt að greiða bæði viðbótarlán vegna framfærslu og viðbótarlán vegna meðlags til sama námsmanns vegna sama barns.

4.4 Lán vegna maka.

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns í hjónabandi/skráðri sambúð hækkar vegna maka:

- Veikindi eða örorka maka samkvæmt læknisvottorði sem sýnir fram á að maki sé óvinnufær með öllu.
- Námsmaður og maki hafa langveikt eða fatlað barn á framfæri sínu og maki starfar ekki utan heimilis vegna umönnunar barnsins. Skilyrði er að barnið hafi lögheimili hjá námsmanni og maka og að læknisvottorði sé framvísað.
- Námsmaður og maki eru búsett erlendis og hafa barn á framfæri sínu og maki á ekki rétt á atvinnuleyfi í námslandinu. Þeir námsmenn sem fengu makalán skólaárið 2009-2010 og stunda áfram nám í sama námsferli á skólaárinu eiga áfram rétt á að sækja um makalán.

Ef veitt er lán vegna maka, bætist við 50% af grunnframfærslu námsmanns, viðbótarframfærslu vegna búsetu og viðbótarframfærslu barna. Tekjur maka koma til frádráttar á láninu, sbr. gr. 3.3.1 og 3.3.2.

Ekki er veitt makalán ef maki er sjálfur lánþegi á sömu önn.

Sjóðurinn áskilur sér heimild til þess að óska eftir því að trúnaðarlæknir sjóðsins á hverjum tíma afli upplýsinga hjá viðkomandi lækni um innsent læknisvottorð og gefi umsögn um efni þess. Verði slíkar upplýsingar **ekki** veittar getur sjóðurinn litið svo á að fullnægjandi umsókn hafi **ekki** verið skilað.

4.5 Lán vegna skólagjalda.

Lán vegna skólagjalda að frádregnum óskattskyldum skólagjaldastyrk eru veitt til grunnnáms (til grunnnáms telst sérnám og grunnháskólanám), meistaranáms og doktorsnáms, sbr. gr. 2.3. Samanlögð heildarupphæð sem hægt er að fá til skólagjaldalána í öllum námsferlum er kr. 3.500.000 vegna náms á Íslandi. Samanlögð heildarupphæð skólagjaldalána vegna náms erlendis er tilgreind í fylgiskjali III eftir námslöndum.

Ef nám er skipulagt líkt og læknisfræðinám, þ.e. samfellt nám lengra en 5 ár, er heimilt að bæta við framangreint skólagjaldahámark á 6. ári náms, allt að kr. 1.500.000 eða ígildi þess í erlendri mynt miðað við gengi 1. júní 2016.

Fyrir þá sem stunda grunnnám gildir að aldrei er veitt hærra skólagjaldalán á hverju námsári en sem nemur 1/3 af heildarupphæð til skólagjaldalána í námslandinu. Árlegt hámarkslán til skólagjalda í grunnnámi á Íslandi er því 1.166.667 kr. og í grunnnámi erlendis sama hlutfall (1/3) af heildarupphæð til skólagjaldalána eins og tilgreint er í fylgiskjali III.

Ef lánþegi skiptir um námsland, er reiknað út hversu hátt hlutfall hann hafði áður nýtt sér af skólagjaldahámarki fyrra námslands og það hlutfall notað áfram í næsta námslandi þegar svigrúm fyrir frekara skólagjaldaláni er fundið.

Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram kr. 75.000 sem námsmaður greiðir svo sannanlegt sé. Eftirfarandi kostnaður er **ekki** innifalinn í skólagjöldum; námsferðir eða aðrar ferðir, gisting, fæði, tölvu- eða annar tækjabúnaður, efnis- eða bókakostnaður eða annar sambærilegur kostnaður. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir sundurliðun skólagjalda og þar sem við á draga frá skólagjaldaláninu allan framangreindan kostnað áður en skólagjaldalán er afgreitt.

Einungis er heimilt að veita skólagjaldalán fyrir námi í einum námsferli á hverju misseri eða önn námsársins. Ennfremur er almennt **ekki** heimilt að veita skólagjaldalán vegna námskeiða sem tekin eru utan námsbrautar í námi sem LÍN hefur ekki viðurkennt sem lánshæft.

Námsmaður verður að skila lánshæfum námsárangri, sbr. gr. 2.2, til að eiga rétt á skólagjaldaláni á námstímanum. Skólagjaldalán eru veitt fyrir hvert misseri námsársins að loknum 22 ECTS-einingum, í tvö misseri að loknum 44 ECTS-einingum og á sumarmisseri að loknum 60 ECTS-einingum. Ef námsári er skipt í fjögur tímabil eru veitt skólagjaldalán fyrir einn fjórðung að loknum 15 ECTS-einingum, fyrir tvo fjórðunga að loknum 30 ECTS-einingum, fyrir þrjá fjórðunga að loknum 45 ECTS-einingum og fyrir nám á sumarfjórðungi að loknum 60 ECTS-einingum.

Heimilt er að greiða út lán vegna skólagjalda fyrir eitt misseri við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema, fyrir annað misseri að loknum 22 ECTS-einingum og fyrir þriðja misseri að loknum 44 ECTS-einingum. Ef námsári er skipt í fjögur tímabil er fyrirframgreiðsla heimil með sama hætti vegna annars fjórðungs að loknum 15 ECTS-einingum, vegna þriðja fjórðungs að loknum 30 ECTS-einingum og vegna sumarannar að loknum 45 ECTS-einingum. Aldrei er greitt út hærra skólagjaldahlutfall fyrirfram við upphaf misseris en sem nemur fullu námi (30 ECTS-eingar) á því misseri, en heimilt að endurskoða það þegar námsframvinda liggur fyrir og uppgjör láns á því misseri/önn stendur yfir.

Vakin er athygli á því að tekjur námsmanns geta haft áhrif á upphæð skólagjaldalána, sbr. gr. 3.4.

4.6 Lán vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns.

Heimilt er að veita námsmanni aukalán sem samsvarar framfærslu fyrir allt að 7 ECTS-einingum að teknu tilliti til fjölskyldustærðar verði ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti. Á þetta t.d. við þegar námsmanni verður, vegna alvarlegra veikinda, örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum, illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild. Hafa skal hliðsjón af þeim bótum sem námsmaður fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf.

Heimilt er samkvæmt þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts nánustu aðstandenda. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu aðstandenda skulu t.a.m. teljast maki, börn og foreldrar námsmanns, systkini námsmanns og börn þeirra. Ef slíkt aukalán er veitt greiðist það út með framfærsluláni sbr. gr. 5.2.1.

4.7 Lán vegna sjúkratrygginga.

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um lán til að mæta þeim kostnaði. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélögunum. Ef veitt er lán vegna sjúkratrygginga er það einungis fyrir þeim hluta sem er umfram 5% af grunnframfærslu að teknu tilliti til fjölskyldustærðar og búsetu, en þó að hámarki kr. 350.000 á námsárinu. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

4.8 Vaxtastyrkur.

Við útborgun lána fyrir framfærslukostnaði skal greiða kr. 290 í vaxtastyrk fyrir hverja ECTS-einingu sem lokið er. Komi í ljós við endurútreikning námsláns að loknu námsári að námsmanni hafi verið úthlutað of háum vaxtastyrk, er það leiðrétt með þeim hætti að ofgreiddur styrkur er færður sem lán á námsárinu.

4.9 Lán vegna ferðakostnaðar.

4.9.1 Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna.

Lán vegna ferðakostnaðar miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði. Ef maki sækir einnig um lán á námsárinu á námsmaður **ekki** rétt á viðbótarláni vegna ferða maka og lán vegna ferða barna miðast þá við helming þeirra upphæða sem tilgreindar eru í gr. 4.9.2 og gr. 4.9.3.

4.9.2 Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.

Ferðalán vegna náms erlendis ákvarðast þannig þegar sótt er um námslán á skólaárinu: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka í Danmörku, Noregi og Svíþjóð kr. 45.000, en kr. 50.000 vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, kr. 65.000 í Norður-Ameríku og kr. 105.000 vegna námsmanns og maka annars staðar. Lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindum fjárhæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 75% vegna barna á aldrinum tveggja til ellefu ára og 100% vegna barna sem eru tólf ára og eldri. Ekki er skilyrði að námsmaður framvísi gögnum vegna ferðar. Nordplus- og Erasmus-styrkþegar eiga **ekki** rétt á ferðaláni frá LÍN.

Ofangreindar fjárhæðir eru umreiknaðar í mynt námslands miðað við gengi 1. júní 2016.

Einungis er veitt lán vegna ferðakostnaðar einu sinni á hverju námsstigi.

4.9.3 Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.

Ferðalán vegna náms á Íslandi ákvarðast þannig þegar sótt er um námslán á skólaárinu: Vegna einstaklings og maka kr. 20.000, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til ellefu ára og 100% vegna barna sem eru tólf ára og eldri. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Ekki er skilyrði að námsmaður framvísi gögnum vegna ferðar.

Einungis er veitt lán vegna ferðakostnaðar einu sinni á hverju námsstigi, sbr. gr. 2.3.

4.9.4 Greiðslutími ferðalána.

Ferðalán greiðist út með framfærsluláni til þeirra sem hafa uppfyllt skilyrði sjóðsins um lágmarksnámsframvindu, sbr. gr. 2.2.

V. KAFLI Umsóknir og útborgun lána.

5.1 Umsóknir um námslán.

5.1.1 Umsóknareyðublað.

Sótt er um námslán rafrænt í gegnum „Mitt svæði“ sem aðgengilegt er í gegnum heimabanka viðkomandi og island.is.

Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað á skrifstofu sjóðsins.

5.1.2 Umsóknir og gildistími.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarar. Umsóknarfrestir eru eftirfarandi:

Haut 2016: Til og með 30. nóvember 2016.

Vor 2017: Til og með 30. apríl 2017.

Sumar 2017: Til og með 30. júní 2017.

5.1.3 Fylgiskjöl og skilafrestur.

Fylgiskjöl sem námsmanni ber að skila vegna umsókna eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð; þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur.

5.1.4 Lánsáætlun.

Á grundvelli upplýsinga námsmanns, m.a. um tekjur og fjölskylduhagi, fær hann útfyllta lánsáætlun frá sjóðnum. Eftir yfirferð lánsáætlunar ber námsmanni að láta sjóðinn vita ef þær upplýsingar sem lagðar eru til grundvallar reynast rangar.

Komi í ljós að lánsáætlun byggir á röngum upplýsingum, mistökum eða á röngum forsendum miðað við gildandi úthlutunarreglur þess námsárs sem sótt er um lán fyrir þá breytist lánsáætlunin til samræmis við þær reglur.

5.1.5 Umboðsmaður.

Námsmaður erlendis skal hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. hefur umboð til undirritunar skuldabréfs fyrir hans hönd.

Samskipti við umboðsmann jafngilda samskiptum við námsmann hvort sem það er í formi tölvu-pósts, samtala eða bréfasendinga. Umboðsmaður ber því ábyrgð á að upplýsa þann námsmann sem hann hefur umboð fyrir um allar beiðnir um skil á gögnum til sjóðsins og um tilkynningar sem berast frá sjóðnum. Einnig skal hann upplýsa námsmanninn um önnur samskipti við sjóðinn sem skipt geta máli varðandi framgang umsóknarinnar eða veitingu námslána.

5.1.6 Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.

Skilyrði sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, til þess að teljast lánshæfir sem lántakendur hjá sjóðnum er að þeir séu ekki á vanskilaskrá né í vanskilum við sjóðinn þegar sótt er um nýtt lán, bú þeirra sé ekki í gjaldþrotameðferð og hafi ekki áður verið tekið til gjaldþrotaskipta, svo og að sjóðurinn hafi ekki áður þurft að afskrifa lán gagnvart viðkomandi.

Teljast námsmaður ekki lánshæfur samkvæmt framangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda leggi hann fram tryggingar sem sjóðurinn telur viðunandi, s.s. veð eða sjálf-skuldarábyrgð þriðja aðila.

5.2 Útborgun námslána.

5.2.1 Útborgun námslána.

Útreikningur á námsláni og útgáfa lánsáætlana vegna skólaársins hefst í byrjun ágúst 2016. Þá verða skólagjaldalán, sbr. gr. 4.5, vegna haustannar afgreidd fyrirfram til þeirra sem áður hafa lokið lánshæfum námsárangri og óskuðu eftir slíkri fyrirframgreiðslu í lánsúmsókn sinni.

Útborgun framfærslu- og ferðalána vegna haustannar og fyrirframgreiðsla skólagjalda vorannar hefst í byrjun janúar 2017 til þeirra sem uppfylla skilyrði sjóðsins um lágmarksnámsframvindu á önninni, sbr. gr. 2.2. Með sömu framangreindum skilyrðum hefst útborgun framfærslulána vegna

vorannar og fyrirframgreiðsla skólagjalda sumarannar í byrjun maí 2017. Útborgun framfærslulána vegna sumarannar hefst í byrjun ágúst 2017 til þeirra sem uppfylla framangreind skilyrði.

Skilyrði er að námsmaður hafi lagt fram gögn um námsárangur sinn, tekjuáætlun eða skattframtal og aðrar þær upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði á Íslandi sem skal vera á nafni námsmanns.

Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi. Lánveitingum vegna námsársins 2016-2017 skal þó lokið fyrir 15. janúar 2018. Eftir þann tíma er hvorki hægt að afgreiða lán né gera athugasemdir við afgreiðslu láns á námsárinu.

Skilyrði þess að námsmaður fái lán vegna skólagjalda, sbr. gr. 4.5, greitt út fyrirfram er að hann hafi áður lokið lánshæfum námsárangri. Aldrei er greitt út hærra skólagjaldahlutfall fyrirfram við upphaf misseris/annar en sem nemur fullu námi (30 ECTS-einingar) á því misseri eða sambærilegum einingum á önn í fjórðungaskólum. Heimilt er að endurskoða það þegar námsframvinda liggur fyrir og uppgjör láns á því misseri eða önn í fjórðungaskóla stendur yfir.

Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru fyrirframgreidd lán vegna skólagjalda endurkræf samkvæmt reglum um ofgreidd lán.

5.2.2 Útreikningur lána erlendis.

Námslán eru að jafnaði reiknuð út í mynt viðkomandi námslands. Tekjum og styrkjum er breytt í útreikningsmynt námslands miðað við gengi 1. júní 2016. Þegar lán eða hlutar þess koma til útborgunar er upphæðinni sem greiða á út breytt í íslenskar krónur miðað við daggengi við útborgun.

5.2.3 Staðfesting á tekjum.

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 2016 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

5.2.4 Skuldabréf og bankareikningur.

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi gefið út skuldabréf í eigin nafni til tryggingar láninu. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

5.3 Um ábyrgðir á námslánum og réttindi og skyldur ábyrgðarmanna.

5.3.1 Eðli sjálfskuldarábyrgðar.

Um þær ábyrgðir sem veittar hafa verið eftir gildistöku laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn gilda þau lög, auk þess sem hér kemur fram.

Þeir sem gerast ábyrgðarmenn að námsláni takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á námslánaskuldinni en slík ábyrgð gerir ábyrgðarmanni skylt að greiða skuldina sem ábyrgð er fyrir strax og í ljós kemur að lántakandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar um að greiða af láninu.

Sjóðurinn getur innheimt ábyrgðina beint hjá ábyrgðarmanni og þarf ekki að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá lántakanda áður. Þó getur sjóðurinn ekki gengið að ábyrgðarmanni fyrr en staðreynt hefur verið að lántakandi hafi ekki greitt af láninu á gjalddaga. Þetta á þó ekki við verði lántakandi úrskurðaður gjaldþrota en þá fellur lánið allt í gjalddaga í samræmi við lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

Sjóðurinn getur látið gera aðför (fjárnám) til fullnustu skuldarinnar hjá sjálfskuldarábyrgðarmanni án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Sjálfskuldarábyrgð skal ætíð bundin við ákveðna hámarksfjárhæð sem breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs en auk þess tekur sjálfskuldarábyrgðin til greiðslu vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kann af vanskilum skuldarinnar þar með talin réttargjöld og innheimtuþóknun.

Tilnefnd ábyrgðarfjárhæð ábyrgðarmanns miðast við tilgreinda vísitölu og skal að jafnaði ekki vera hærri en 7,0 m.kr. Ábyrgðarmanni er þó heimilt að veita ábyrgð umfram framangreinda hámarksábyrgð vegna láns sem námsmanni reiknast á því námsári sem uppreiknuð ábyrgð hans nær 7,0 m.kr. Lágmarksábyrgð er 100 þús.kr.

5.3.2 Skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla.

Ábyrgðarmaður staðfestir með undirskrift sinni á skuldabréf eða ábyrgðaryfirlýsingu að hann hafi kynnt sér ákvæði skuldabréfsins og niðurstöðu greiðslumats og ef við á yfirlit úr vanskilaskrá.

Ábyrgðarmenn skulu vera orðnir 18 ára og fjárráða. Ábyrgðarmenn skulu ekki vera eldri en 50 ára nema um sé að ræða foreldra námsmanns. Ábyrgð lögpersónu í stað einstaklings er háð samþykki stjórnar sjóðsins og að um sé að ræða opinbera stofnun eða fjármálastofnun sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Sjóðnum skal þá heimilt, með samþykki lánþega, að innheimta gjald fyrir ábyrgðaraðilann við útborgun lánsins. Að öðru leyti gilda um ábyrgð lögpersónu sömu reglur og almennt gilda um sjálfskuldarábyrgð einstaklinga.

Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir lántakanda. Ábyrgðarmenn skulu að jafnaði vera íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi. Óheimilt er að samþykkja ábyrgðarmenn fyrir námsláni sem eru á vanskilaskrá, í vanskilum við sjóðinn eða bú þeirra sé í, eða hafi verið tekið til gjaldþrotameðferðar. Ábyrgðarmaður skal jafnframt undirgangast mat á lánshæfi sem þarf að vera fullnægjandi að mati sjóðsins.

Breytist staða ábyrgðarmanns þannig að hann telst ekki lengur uppfylla ofangreind skilyrði þá skal lántakandi útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir námsláni sínu áður en hann fær frekari lán afgreidd hjá sjóðnum. Þá ábyrgist hinn nýi ábyrgðarmaður allt það lán sem lántakandi kann að fá til viðbótar. Eldri ábyrgð fellur **ekki** úr gildi nema að henni sé sagt upp og ný sett í staðinn með samþykki sjóðsins.

5.3.3 Réttarstaða ábyrgðarmanna og endurkröfur.

Séu ábyrgðarmenn fleiri en einn bera þeir óskipta sameiginlega (solidaríska) ábyrgð gagnvart sjóðnum.

Þegar ábyrgðarhluti ábyrgðarmanna er skiptur, t.d. í þeim tilvikum sem lán hafa verið sameinuð við endurgreiðslu, getur ábyrgðarmaður greitt upp sinn ábyrgðarhluta ásamt vöxtum og kostnaði verði vanskil á námskuldu.

Á meðan lán hefur ekki verið gjaldfelld getur ábyrgðarmaður haldið láninu í skilum. Í því sambandi getur hann óskað eftir því við sjóðinn að greiðslunni skuli ráðstafað til lækkunar á þeim hluta heildarskuldarinnar sem hann ábyrgðist.

Ákvæði skuldabréfs um undanþágur frá endurgreiðslu gilda ekki gagnvart ábyrgðarmanni sem ábyrgð hefur fallið á og tekið hefur að sér endurgreiðslu lánsins.

Látist ábyrgðarmaður getur lántakandi útvegað nýjan ábyrgðarmann sem uppfyllir ofangreind skilyrði en að öðrum kosti taka erfingjar hins látna við ábyrgðinni eftir almennum reglum ef erfingjar hafa á annað borð tekið á sig ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Ábyrgðarmaður getur sagt upp ábyrgðinni. Það skal gert skriflega með bréfi til sjóðsins. Áhrif þess eru eingöngu þau að ekki aukast skyldur hans umfram það sem þá þegar er um samið. Ábyrgðarmaðurinn ber engu að síður áfram ábyrgð á þeim lánnum sem þegar hafa verið veitt. Uppsögnin tekur gildi um leið og sjóðurinn hefur tilkynnt lántakanda um uppsögnina.

5.3.4 Veðtrygging.

Óski námsmaður eftir að setja fasteign að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: Veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamat.

Við veðtryggingu námslána er miðað við að áhvílandi lán, að viðbættu láni frá sjóðnum, fari ekki yfir 85% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og sé innan við 85% af brunabótamati. Jafnframt er heimilt að fara fram á verðmat löggilts fasteignasala og skal þá miðað við að lán frá sjóðnum fari ekki yfir 80% af verðmati.

5.4 Greiðsla félagsgjalda.

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn innheimtu gjalds vegna félagsaðildar að Sambandi íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE). Sjóðurinn dregur félagsgjaldið af námsláninu.

5.5 Breytingar á aðstoð.

5.5.1 Tilkynningaskylda námsmanns.

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduaðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. Meðal annars ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða skráðrar sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um vegna umsóknar hans um námslán eða frest á lokun skuldabréfs.

5.5.2 Leiðrétting á útreikningi.

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt, samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

5.6 Vísitandi villandi upplýsingar.

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

Háttsemi sem brýtur í bága við lög, s.s. skjalafals, getur haft refsíabyrgð í för með sér.

5.7 Ofgreidd lán.

5.7.1 Ofgreidd lán.

Ef námsmaður fær lán án þess að hafa uppfyllt skilyrði sjóðsins eða fær greitt hærra lán en hann á rétt á, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, ófullnægjandi námsárangurs eða annarra ástæðna, ber honum að endurgreiða lánið sérstaklega með verðbótum. Námsmaður hefur val um að staðgreiða ofgreiðslulánið eða samþykkja sérstakt endurgreiðslubríf með einum ábyrgðarmanni og skal lánstími að meginreglu til ekki vera lengri en 15 mánuðir. Ef um er að ræða ofgreitt lán vegna skólagjalda sem sannanlega hafa verið greidd og ekki fást endurgreidd frá skólanum má fresta innheimtu ofgreidda lánsins fram á upphaf næstu annar. Ef námsmaður skilar ekki staðfestingu á innritunartvöðum í sama skóla fyrir umrædda önn er útbúið skuldabréf og skal lánstími að meginreglu til ekki vera lengri en 15 mánuðir.

Frekari námsaðstoð er stöðvuð þar til námsmaður hefur gert upp hið ofgreidda lán. Ofgreidd lán námsmanna erlendis eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við útborgunargengi lánsins.

5.7.2 Skuldabréf.

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána skulu að jafnaði bera vexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af óverðtryggðum lánnum og leggjast vextirnir á þá fjárhæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

5.7.3 Vextir.

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

5.7.4 Innheimta.

Ofgreitt lán kemur til innheimtu eftir að námsárangur og önnur gögn eiga að hafa borist sjóðnum. Geri námsmaður ekki upp ofgreitt lán innan tilskilins frests er skuldabréfinu lokað, sbr. gr. 7.1, og innheimta skal hið ofgreidda lán sem aukaafborgun af námsláni hans.

5.8 Eftirlit með tekjum.

5.8.1 Námsmenn á Íslandi.

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur samkvæmt skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

5.8.2 Námsmenn á Norðurlöndum.

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur sl. árs. Í Danmörku „årsopgörelse“, í Noregi „skatteopgjør“ og í Svíþjóð „slutlig skatt“.

5.8.3 Námsmenn í öðrum löndum.

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

5.9 Mistök sjóðsins.

Verði mistök við veitingu námsláns ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

**VI. KAFLI
Samnorrænar reglur.**

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð frá LÍN eru þau sem talin eru í reglum þessum auk þess sem umsækjandi eigi ekki rétt á námsaðstoð (lán eða styrk) frá öðrum norrænum lánasjóðum, sbr. eftirfarandi:

Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

DANMÖRK

Styrelsen for Videregående Uddannelser og Uddannelsesstøtte (SU)

Bredgade 43

DK-1260 København K

Sími: 00-45-72317900

Veffang: <http://www.su.dk/>

NOREGUR

Lånekassen – Statens lånekasse for utdanning (SLK)

P. boks 430 Alnabru 0614 Oslo

Sími: 00-47-227003000

Veffang: <http://www.lanekassen.no/>

FINNLAND

FPA – Folkpensionsanstaltens Studiestødscentral

PB 228

SF-40101 Jyväskylä 10

Sími: 00-358-0206340220

Veffang: <http://www.kela.fi/>

SVÍÞJÓÐ

CSN – Centrala studiestödsnämnden

Norra Tjörngatan 2S-851 82 Sundsvall

Sími: 00-46-0771-276000

Veffang: <http://www.csn.se/>

**VII. KAFLI
Lokun skuldabréfs.****7.1 Gengið frá skuldabréfi.**

Skuldabréfi er lokað þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er almennt miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Á það jafnt við um námsmenn sem ljúka námi og námsmenn sem hverfa frá námi án þess að ljúka því. Telst sá tímapunktur námslok í skilningi laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Þegar frágangur hefst á lokun skuldabréfs skulu lántakanda og ef við á ábyrgðarmanni sendar upplýsingar um upphæð skuldabréfsins sem til stendur að loka. Ábyrgðarmaður er jafnframt upplýstur um þá fjárhæð sem hann telst ábyrgur fyrir.

Þegar skuldabréfi hefur verið lokað, skulu lántakanda sendar sundurliðaðar upplýsingar um veitt lán sem tilheyrir skuldabréfinu, dagsetningu lokunar og hvenær vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Veittur er 14 daga frestur til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er heimilt að fylla skuldabréfið út. Upplýsingar sendar í tölvupósti á netfang sem námsmaður hefur látið sjóðnum í té teljast sendar á fullnægjandi hátt.

Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir lokun skuldabréfs. Ljúki námsmaður námi á haust- eða vormisseri, miðast námslokin við 29. júní og fyrsti afborgunardagur er 30. júní tveimur árum síðar. Ef námslok eru á sumarönn sem nær fram yfir 1. júlí, miðast námslokin við 31. ágúst og fyrsti afborgunardagur er 1. mars tveimur og hálfu ári síðar. Ef námsmaður er byrjaður að greiða af eldri námslánum og hefur nám að nýju er **ekki** veitt aftur hlé frá endurgreiðslum fyrir lána.

7.2 Frestun á lokun skuldabréfs.

Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár, er heimilt að fresta frágangi á skuldabréfi ljúki námsmaður lánshæfum námsárangri á fyrstu önn eftir námshlé. Námsmaður skal sækja sérstaklega um frestunina eigi síðar en 30. nóvember 2016. Skilyrði þess að námsmaður geti frestað frágangi skuldabréfs er að hann ljúki lánshæfum námsárangri á því tímabili sem frestun tekur til. Heimilt er að fresta lokun skuldabréfs að hámarki fjórum sinnum eða í fjögur ár frá því að fyrsta aðstoð hjá sjóðnum var veitt, stundi námsmaður áfram lánshæft nám án þess að taka námslán. Umsókn um nýtt námslán á fyrstu önn eftir árshlé frá námi er ígildi umsóknar um frestun á lokun skuldabréfs.

Sæki námsmaður um frestun á lokun skuldabréfs vegna lánshæfs náms sem hann stundaði á námsárinu 2015-2016, skulu umbeðin gögn vegna þeirrar umsóknar berast sjóðnum eigi síðar en 15. desember 2016. Sæki námsmaður aftur á móti um frestun á lokun skuldabréfs vegna lánshæfs náms á haustönn 2016, skulu umbeðin gögn vegna umsóknarinnar berast sjóðnum eigi síðar en 15. mars 2017.

Frestun á útborgun námsláns, t.d. vegna síðbúinna skila á upplýsingum hefur **ekki** í för með sér frestun á lokun skuldabréfs.

Ef námsmaður gerir hlé á námi sínu lengur en eitt námsár er **ekki** heimilt að fresta lokun skuldabréfs og miðast lokun skuldabréfsins þá við lok síðasta aðstoðartímabils fyrir námshlé. Þegar námsmaður hefur aftur nám að loknu slíku námshléi skal líta á það sem nýtt nám (nýr námsferill) og verður námsmaður að gefa út nýtt skuldabréf í eigin nafni til tryggingar nýjum lánum, sbr. gr. 5.2.4. Námsmaður greiðir jafnframt afborganir af eldra skuldabréfi, sjá þó gr. 8.5 um undanþágur frá afborgun.

Stjórn sjóðsins ákveður lokun skuldabréfs í vafatilfellum.

VIII. KAFLI

Lánskjör.

8.1 Endurgreiðslur námslána.

Endurgreiðslur námslána taka mið af ákvæðum hvers skuldabréfs og þeim lögum sem í gildi voru þegar lánin voru tekin. Að öðru leyti gilda samþykktar úthlutunarreglur hverju sinni.

Fylgiskjöl vegna umsókna eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út. Í þeim tilvikum sem greiðandi hefur fengið endurútreikning frá skattayfirvöldum er heimilt að taka tillit til þess endurútreiknings þótt gögn berist eftir framangreindan frest, að því gefnu að umsókn um endurútreikning berist fyrir umsóknarfrest hvers umsóknarárs, sbr. gr. 8.4.

Þeim lánþegum sem búa erlendis ber að senda sjóðnum upplýsingar um heimilisfang sitt og/eða hafa umboðsmann hér á landi sem sér um hans mál. Samskipti við umboðsmann jafngilda samskiptum við lántakanda hvort sem það er í formi tölvupósts, samtala eða bréfasendinga. Umboðsmaður ber því ábyrgð á að upplýsa þann lántakanda sem hann hefur umboð fyrir um allar beiðnir um skil á gögnum til sjóðsins og um tilkynningar sem berast frá sjóðnum. Einnig skal hann upplýsa lántakanda um önnur samskipti við sjóðinn sem skipt geta máli.

8.2 Vextir G-lána og verðtrygging.

8.2.1 Lánskjör og vextir.

Lán samkvæmt lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá lokun skuldabréfs. Fáir námsmaður greitt út lán eftir lokunardag skuldabréfs, reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun. Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs. Lánþega ber að greiða 1,2% lántökugjald í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

8.2.2 Verðtrygging.

Lán úr sjóðnum eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs og reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir útborgun. Eftir ákvörðun um lokun skuldabréfs er skuld uppreiknuð og grunnvísitala skuldabréfs miðuð við vísitölu neysluverðs á lokunardegi.

8.3 Endurgreiðslutími.

8.3.1 Lán er afborgunarlaust í tvö ár.

Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir lokun skuldabréfs, sbr. gr. 7.1. Það á þó ekki við í þeim tilfellum þegar lánþegi hefur þegar hafið endurgreiðslur námsláns en fengið endurgreiðslum frestað tímabundið vegna þess að hann hefur hafið nám að nýju. Í þeim tilfellum halda afborganir eldri lána strax áfram á næsta almanaksári eftir að nýja náminu lýkur.

8.3.2 Uppgreiðsla og innborganir námslána.

Lánþega er heimilt að greiða inn á eða greiða upp námslán fyrr en ákvæði skuldabréfs kveða á um án viðbótarkostnaðar.

Einstaklingur sem greiðir upp ógjaldfallið námslánaskuldabréf á rétt á uppgreiðsluafslætti sem nemur 7,5% af ógjaldföllnum eftirstöðvum hins uppgreidda skuldabréfs fyrir uppgreiðslu. Framan- greind heimild miðast við að eftirstöðvar lánsins séu greiddar í einni greiðslu. Einstaklingar eiga **ekki** rétt á uppgreiðsluafslætti vegna uppgreiðslu námsláns nema endurgreiðsla námslána-skuldabréfsins sé hafin, sbr. 7. kafla.

Uppgreiðsluafsláttur skal endurgreiddur til þess aðila sem greiddi upp námslánið (getur verið annar en skuldari).

Sækja þarf um uppgreiðsluafslátt innan þriggja mánaða frá því að uppgreiðsla fór fram. Að þeim tíma liðnum verður ekki veittur uppgreiðsluafsláttur.

Þrátt fyrir ákvæði í kafla X, gildistaka, um að reglur þessar gildi strax fyrir námsárið 2016-2017 þá tekur þetta ákvæði gildi við birtingu þessara úthlutunarreglna í Stjórnartíðindum.

8.4 Árleg endurgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, en þó getur fyrsti gjalddagi verið annar. Hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. september og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla reiknast eins og segir í 8. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og uppreiknast miðað við vísitölu neysluverðs 1. janúar ár hvert. Viðbótargreiðslan miðast við 3,75% af tekjustofni ársins á undan endurgreiðsluári, en með tekjustofni er átt við útsvarstofn lánþega að viðbættum fjármagnstekjum, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 90/2003. Ef lánþegi er í skráðri sambúð er miðað við 50% fjármagnstekna hans og sambúðaraðilans og skiptir ekki máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð samkvæmt hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst árgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Sé lánþega áætlaður skattstofn skal miða við hann. Sé lánþegi á endurgreiðslutíma ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og skal árleg viðbótargreiðsla ákveðin í samræmi við það. Við myndun gjalddaga eru erlendar tekjur umreiknaðar í íslenskar krónur fyrir viðkomandi mynt og er miðað við meðalgengi Seðlabanka Íslands þess tekjuárs sem afborgun er reiknuð út frá. Geri hann það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna tekjustofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum tekjustofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu.

Lánþegi á rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikninginn eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar en

umsókn frestar ekki gjalddaga. Endurútreikningur fer síðan fram þegar sjóðnum hafa borist bestu fáanlegar upplýsingar um tekjur greiðanda. Þegar staðfestar upplýsingar um tekjurnar liggja fyrir skulu þær sendar sjóðnum og endurútreikningurinn endurskoðaður til samræmis. Hafi tekjustofn verið of hátt áætlaður skal lánþega endurgreidd ofgreidd fjárhæð með almennum vöxtum óverðtryggðra bankalána.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns eða hafi lánþegi vantalið tekjur sínar á framtali er heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Hækkun á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar er gjaldkræf þegar í stað ásamt dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá gjalddaga greiðslunnar.

Ef lánþegi er úrskurðaður gjaldþrota falla allar kröfur á hendur honum í gjalddaga, sbr. lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

8.5 Undanþágur.

8.5.1 Undanþága vegna verulegra fjárhagsörðugleika.

Sjóðstjórn er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu að hluta eða öllu leyti ef láns hæft nám, atvinnuleysi, óvinnufærni vegna veikinda og/eða örorku, þungunar eða umönnunar barna, umönnunar maka eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega. Almennt er miðað við að **ekki** séu veittar undanþágur ef árstekjur lánþega eru yfir 3.590.000 kr. og árstekjur hjóna/sambúðarfólks eru yfir 7.180.000 kr. vegna tekna ársins á undan. Ef umsækjandi er ekki með skattalega heimilisfesti á Íslandi og tekjur hans eru í erlendum gjaldmiðli, skal miða við kaupgengi á gjalddaga afborgunar.

Með lánsþágu námi er átt við að nám umsækjanda uppfylli skilyrði I. kafla úthlutunarreglna um lánsþágu náms og að námsmaður uppfylli skilyrði II. kafla um námsframvindu.

Óvinnufær vegna örorku telst sá sem hefur rétt til örorkulífeyris samkvæmt skilgreiningu Tryggingastofnunar.

Að jafnaði er miðað við að ástæður þær sem valda örðugleikunum hafi varað í a.m.k. fjóra mánuði fyrir gjalddaga afborgunar.

8.5.2 Undanþága vegna skyndilegra og verulegra breytinga.

Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu að hluta eða öllu leyti, ef skyndileg og veruleg breyting hefur orðið á högum lánþega þannig að útsvarstofn vegna tekna á fyrra ári gefur ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluárinu. Heimildin miðast við að skyndileg og alvarleg veikindi, slys eða aðrar sambærilegar ástæður valdi verulegri skerðingu á ráðstöfunarfé og á möguleika til að afla tekna.

8.5.3 Sótt um undanþágu.

Lánþegi sem óskar eftir undanþágu frá endurgreiðslu námsláns skal sækja um það á þar til gerðu umsóknareyðublaði og láta nákvæmar upplýsingar sem þar er óskað eftir fylgja. Sækja þarf um undanþágu fyrir hvern gjalddaga fyrir sig.

Umsókn um undanþágu frá endurgreiðslu námsláns skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Hafi ósk um undanþágu ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að veita undanþágu, sbr. 7. mgr. 8. gr. laga um sjóðinn.

Ef veitt er undanþága, þá á hún einungis við þann gjalddaga sem umsóknin miðaðist við. Veitt undanþága frá endurgreiðslu S- og/eða V-láns hefur **ekki** áhrif á fjölda endurgreiðsluára, þ.e. endurgreiðslutíminn lengist sem nemur undanþágutímanum.

Sjóðurinn áskilur sér heimild til þess að óska eftir því að trúnaðarlæknir sjóðsins á hverjum tíma afli upplýsinga hjá viðkomandi lækni um innsent læknisvottorð og gefi umsögn um efni þess. Verði slíkar upplýsingar ekki veittar getur sjóðurinn litið svo á að fullnægjandi umsókn hafi ekki verið skilað.

8.6 Greitt af lánum í fleiri en einum lánaflokki.

Lánþegi sem skuldar eldri námslán en G-lán skal fyrst endurgreiða eldri lánin. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu þeirra lýkur eða á að vera lokið skal hann hefja endurgreiðslu G-lánsins.

Ef lánþegi skuldar R-lán og jafnframt V- eða S-lán skal hann fyrst greiða R-lánið. Ef lánþegi greiðir bæði af V- og S-láni dragast afborganir V-láns frá afborgunum S-lánsins.

8.7 Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, er krafan send til lögmanna í innheimtu. Ef krafa á hendur lánþega er þegar í innheimtu hjá lögmönnum fara nýjar kröfur beint í innheimtu hjá lögmönnum. Þegar afborgun er í löginnheimtu ber lánþega að semja um skuld sína beint við lögmenn án milligöngu sjóðsins. Standi lánþegi ekki í skilum, er sjóðnum heimilt að gjaldfella höfuðstól lánsins og innheimta með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

IX. KAFLI**Vafamál.****9.1 Hlutverk stjórnar.**

Það er eitt af hlutverkum stjórnar að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum. Ákvörðun stjórnar má vísa til málskotsnefndar, sbr. gr. 9.5.

Ákvarðanir stjórnar varðandi erindi sem berast sjóðnum skulu rökstuddar og tilkynntar skriflega, nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. Námsmanni eða öðrum þeim sem í hlut á er heimilt að fá mál endurupptekið, sbr. gr. 9.4 eða getur óskað eftir úrskurði málskotsnefndar, sbr. gr. 9.5. Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993.

9.2 Málsmeðferð.

Áður en stjórn sker úr vafamáli skulu sérstakar undirnefndir skipaðar úr hópi stjórnarmanna, endurgreiðslunefnd eða vafamálanefnd eftir atvikum, undirbúa og gera tillögur til stjórnar sjóðsins. Nefndin skal yfirfara afgreiðslu hliðstæðra mála og þau mál sem talin eru koma næst því máli sem er til ákvörðunar.

9.3 Rökstuðningur.

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun sjóðsins er byggð á, lögum, reglugerð, úthlutunarreglum eða bókun stjórnar eftir því sem við á. Að því marki, sem ákvörðun byggir á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

9.4 Endurupptaka.

Eftir að stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun og tilkynnt aðila máls, á málsaðili rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

Beiðni um endurupptöku skal að jafnaði bera fram innan 3 mánaða frá tilkynningu til aðila máls um niðurstöðu stjórnar.

9.5 Málskotsnefnd.

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna. Nefndin sker úr um hvort ákvarðanir stjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur á stjórnarsýslustigi.

Kæra til málskotsnefndar skal berast innan 3 mánaða frá tilkynningu til aðila máls um niðurstöðu stjórnar.

X. KAFLI**Gildistaka.**

Reglur þessar voru samþykktar af stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna þann 23. mars 2016. Reglurnar öðlast gildi þegar þær hafa verið staðfestar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum í samræmi við 16. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992.

Reglurnar gilda fyrir námsárið 2016-2017.

Reglurnar eru samþykktar með fyrirvara um að fullnægjandi heimildir fái á fjárlögum vegna ársins 2017. Fáist ekki fullnægjandi heimildir á fjárlögum veita reglur þessar engin réttindi og sæta endurskoðun til samræmis við niðurstöður fjárlaga.

Fylgiskjal I.**Framfærslugrunnur og greinargerð með grunnframfærslu fyrir skólaárið.****Framfærslugrunnur LÍN.**

Við útreikning framfærslugrunns er byggt á grunnviðmiði neysluviðmiða velferðarráðuneytisins og er hann uppreiknaður miðað við hækkun vísitölu neysluverðs á árinu 2015 frá Hagstofu Íslands. Húsnæðiskostnaður er hækkaður miðað við sömu verðlagsforsendur en tekur jafnframt mið af leigu á stúdentagörðum háskólanna fyrir einstaklings-, par- og fjölskylduhúsnæði.

Húsnæðiskostnaður tekur mið af fjölskylduhögum og þannig verður viðbótarkostnaði vegna búsetu námsmanna sem eru í eigin húsnæði/leiguhúsnæði skipt í sex flokka:

- i. Námsmaður (einhleypur).
- ii. Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, ekki barn á heimili.
- iii. Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, með eitt barn.
- iv. Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, með tvö börn eða fleiri.
- v. Einstætt foreldri, með eitt barn.
- vi. Einstætt foreldri, með tvö börn eða fleiri.

Í þeim tilvikum þar sem um sambúð eða hjúpskap er að ræða er gert ráð fyrir að báðir sambúðar- aðilar standi jafnt að húsnæðiskostnaði. Þannig tekur framfærslan mið af raunverulegri framfærslu- þörf mismunandi hópa námsmanna, þ.e. miðað við búsetuform og fjölskyldustærð.

Framfærslugrunnur LÍN	Á ári	Á mán.	Á mán.	ECTS
	(kr.)	(kr.)	(kr.)	(kr.)
<u>Grunnframfærsla</u>				
<u>(matur, ferðir, bókalán o.fl.):</u>				
Námsmaður í foreldrahúsi	1.035.876	86.323	79.417	11.913
Námsmaður	1.335.756	111.313	102.408	15.361
<u>Húsnæði:</u>				
i. Námsmaður (einhleypur) í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði	918.000	76.500	70.380	10.557
ii. Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, ekki barn á heimili	648.720	54.060	/108.120	49.735 7.460
iii. Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, með eitt barn	758.880	63.240	/126.480	58.181 8.724
iv. Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, með tvö börn eða fleiri	820.080	68.340	/136.680	62.873 9.431
v. Einstætt foreldri, með eitt barn	1.517.460	126.480	116.362	17.454
vi. Einstætt foreldri, með tvö börn eða fleiri	1.640.160	136.680	125.746	18.862

Framangreindar tölur miðast við einstakling þ.e. án framfærslu barna þar sem það á við.

Ráðstöfunartekjur.

Líkt og árið áður geta námsmenn haft 930.000 kr. í árstekjur (frítekjumark) án þess að til tekju-skerðingar komi. En þá er jafnframt gert ráð fyrir að þær ráðstöfunartekjur námsmanns standi undir 8% af framfærsluþörf námsmanns á námstíma (var 10% á síðasta skólaári og 19% í úthlutunar-reglum 2014-2015).

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaðar ráðstöfunartekjur miðað við ofangreindar forsendur:

Ráðstöfunartekjur námsmanns	Á ári	Á mán.
	(kr.)	(kr.)
Námsmaður í foreldrahúsi	1.644.753	137.063
Námsmaður (einhleypur) í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði	2.485.092	207.091
Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, ekki barn á heimili	2.299.287	191.607
Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, með eitt barn	2.375.301	197.942
Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, með tvö börn eða fleiri	2.417.529	201.461
Einstætt foreldri, með eitt barn	2.898.930	241.578
Einstætt foreldri, með tvö börn eða fleiri	2.983.386	248.616

Framangreindar tölur miðast við einstakling þ.e. án framfærslu barna þar sem það á við.

Framfærsla LÍN.

Framfærsla LÍN á námsárinu 2016-2017 verður eftirfarandi:

Framfærsla LÍN	Skólaár	Mán.	ECTS
	(kr.)	(kr.)	ein.
Námsmaður í foreldrahúsi	714.753	79.417	11.913
Námsmaður (einhleypur) í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði *	1.555.092	172.788	25.918
Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, ekki barn á heimili *	1.369.287	152.143	22.821
Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, með eitt barn *	1.445.301	160.589	24.088
Námsmaður í hjúpskap/skráðri sambúð, með tvö börn eða fleiri *	1.487.529	165.281	24.792
Einstætt foreldri, með eitt barn *	1.968.930	218.770	32.816
Einstætt foreldri, með tvö börn eða fleiri *	2.053.386	228.154	34.223

(*) Gildir fyrir námsmenn í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði.

Framangreindar tölur miðast við einstakling þ.e. án framfærslu barna þar sem það á við.

Fylgiskjal II.**Framfærsla erlendis skólaárið 2016-2017**

Samþykkt framfærsla erlendis. Neðangreind tafla miðar við húsnæðiskostnað einstaklings í leigu-húsnæði. Fyrir aðra gildir að húsnæðiskostnaður tekur mið af fjölskylduhögum, sbr. eftirfarandi:

Húsnæði	Hlutfall		Hlutfall
Námsmaður	100%	Samb./hjúsk. 2 börn eða fl.	89%
Sambúð/hjúskapur	71%	Einstæður, 1 barn	165%
Sambúð/hjúsk., 1 barn	83%	Einstæður, 2 börn eða fl.	179%

					Matur ofl.	Húsnæði	Framfærsla	Framf. barns
		Framfærsla	Húsn.	Framf.	/ECTS	/ECTS	/ECTS	/ECTS
Land	Mynt	matur o.fl.	kostn.	alls	ein.	ein.	ein.all	ein.
Danmörk	DKK	3.858	2.979	6.837	579	447	1.026	234
Árósar	DKK	3.832	3.054	6.886	575	458	1.033	234
Kaupmannahöfn	DKK	5.005	4.693	9.698	751	704	1.455	234
Óðinsvé	DKK	4.166	2.699	6.865	625	405	1.030	234
Finnland	EUR	512	398	910	77	60	137	32
Noregur	NOK	6.795	4.034	10.829	1.019	605	1.624	291
Svíþjóð	SEK	4.975	3.861	8.836	746	579	1.325	293
Austurríki	EUR	717	501	1.218	108	75	183	32
Belgía	EUR	564	601	1.165	85	90	175	32
Bosnia	EUR	628	210	838	94	32	126	32
Búlgaría	EUR	258	126	384	39	19	58	32
Eistland	EUR	484	343	827	73	51	124	32
England	GBP	591	508	1.099	89	76	165	22
London	GBP	673	609	1.282	101	91	192	22
Norður-Írland	GBP	717	521	1.238	108	78	186	22
Skotland	GBP	463	456	919	69	68	137	22
Wales	GBP	367	457	824	55	69	124	22
Frakkland	EUR	484	436	920	73	65	138	32
París	EUR	631	683	1.314	95	103	198	32
Grikkland	EUR	463	530	993	69	80	149	32
Holland	EUR	511	548	1.059	77	82	159	32
Amsterdam	EUR	603	508	1.111	90	76	166	32
Írská lýðveldið	EUR	797	676	1.473	120	101	221	32
Ítalía	EUR	590	448	1.038	89	67	156	32
Mílanó	EUR	599	760	1.359	90	114	204	32
Róm	EUR	900	770	1.670	135	116	251	32
Kósóvó	EUR	655	392	1.047	98	59	157	32
Króaía	EUR	484	319	803	73	48	121	32
Kýpur	EUR	542	305	847	81	46	127	32
Lettland	EUR	650	329	979	98	49	147	32
Litháen	EUR	649	167	816	97	25	122	32
Lúxemborg	EUR	562	521	1.083	84	78	162	32
Malta	EUR	627	319	946	94	48	142	32
Mexíkó	USD	448	870	1.318	67	131	198	34
Mónakó	EUR	358	1.113	1.471	54	167	221	32

					Matur off.	Húsnæði	Framfærsla	Framf. barns
		Framfærsla	Húsn.	Framf.	/ECTS	/ECTS	/ECTS	/ECTS
Land	Mynt	matur o.fl.	kostn.	alls	ein.	ein.	ein.all	ein.
Portúgal	EUR	360	313	673	54	47	101	32
Pólland	EUR	580	221	801	87	33	120	32
Rússland	EUR	614	265	879	92	40	132	32
Serbía	EUR	548	257	805	82	39	121	32
Slóvakía	EUR	416	354	770	62	53	115	32
Slóvenía	EUR	447	327	774	67	49	116	32
Spánn	EUR	545	418	963	82	63	145	32
Sviss	CHF	1.215	771	1.986	182	116	298	34
Tékkland	EUR	453	392	845	68	59	127	32
Tyrkland	EUR	346	489	835	52	73	125	32
Ungverjaland	EUR	744	403	1.147	112	60	172	32
Býskaland	EUR	512	348	860	77	52	129	32
München	EUR	520	435	955	78	65	143	32
Bandaríkin A	USD	1.198	1.046	2.244	180	157	337	34
Bandaríkin B	USD	802	758	1.560	120	114	234	34
Kanada A	CAD	672	1.002	1.674	101	150	251	45
Kanada B	CAD	414	898	1.312	62	135	197	45
Brasilía	USD	323	626	949	48	94	142	34
Ekvador	USD	259	820	1.079	39	123	162	34
Perú	USD	503	703	1.206	75	106	181	34
Síle	USD	904	436	1.340	136	65	201	34
Filippseyjar	USD	386	438	824	58	66	124	34
Íran	USD	435	437	872	65	66	131	34
Ísrael	EUR	574	670	1.244	86	101	187	32
Japan	JPY	95.487	58.848	154.335	14.323	8.827	23.150	4.141
Tokyo	JPY	98.013	63.264	161.277	14.702	9.490	24.192	4.141
Kína	USD	453	580	1.033	68	87	155	34
Malasía	USD	733	324	1.057	110	49	159	34
Sam. arabísku fur.	USD	1.018	1.429	2.447	153	214	367	34
Singapúr	USD	592	612	1.204	89	92	181	34
Suður-Kórea	USD	745	595	1.340	112	89	201	34
Tæland	EUR	612	519	1.131	92	78	170	32
Ástralía	AUD	1.132	917	2.049	170	138	308	47
Nýja-Sjáláand	AUD	694	752	1.446	104	113	217	47

Fylgiskjal III.**Hámark skólagjaldalána og hámarkstími tungumálanáms.**

Land	Mynt	Hámark skólagjaldalána	Hámarkstími tungumálanáms
Danmörk	DKK	295.000	
Finland	EUR	40.000	1 námsár
Noregur	NOK	301.000	
Svíþjóð	SEK	359.000	
Austurríki	EUR	40.000	0,5 námsár
Belgía	EUR	40.000	0,5 námsár
Bosnia	EUR	40.000	1 námsár
Eistland	EUR	40.000	1 námsár
England	GBP	27.400	
Norður-Írland	GBP	27.400	
Skotland	GBP	27.400	
Wales	GBP	27.400	
Frakkland	EUR	40.000	0,5 námsár
Grikkland	EUR	40.000	1 námsár
Holland	EUR	40.000	1 námsár
Írska Lýðveldið	EUR	40.000	
Ítalía	EUR	40.000	0,5 námsár
Kósóvó	EUR	40.000	1 námsár
Krótía	EUR	40.000	1 námsár
Kýpur	EUR	40.000	1 námsár
Lettland	EUR	40.000	1 námsár
Litháen	EUR	40.000	0,5 námsár
Lúxemborg	EUR	40.000	0,5 námsár
Malta	EUR	40.000	
Mexíkó	USD	44.100	0,5 námsár
Mónakó	EUR	40.000	0,5 námsár
Portúgal	EUR	40.000	0,5 námsár
Pólland	EUR	40.000	1 námsár
Rússland	EUR	40.000	1 námsár
Serbía	EUR	40.000	1 námsár
Slóvakía	EUR	40.000	1 námsár
Slóvenía	EUR	40.000	1 námsár
Spánn	EUR	40.000	0,5 námsár
Sviss	CHF	57.700	0,5 námsár
Tékkland	EUR	40.000	1 námsár
Tyrkland	EUR	40.000	1 námsár
Ungverjaland	EUR	40.000	1 námsár
Þýskaland	EUR	40.000	0,5 námsár
Bandaríkin A	USD	44.100	
Bandaríkin B	USD	44.100	
Kanada A	CAD	57.800	
Kanada B	CAD	57.800	
Brasilía	USD	44.100	0,5 námsár
Ekvador	USD	44.100	0,5 námsár
Perú	USD	44.100	0,5 námsár
Síle	USD	44.100	0,5 námsár

Land	Mynt	Hámark skólagjaldalána	Hámarkstími tungumálanáms
Filippseyjar	USD	44.100	0,5 námsár
Íran	USD	44.100	1,5 námsár
Ísrael	EUR	40.000	1,5 námsár
Japan	JPY	4.560.000	1,5 námsár
Kína	USD	44.100	1,5 námsár
Malasia	USD	44.100	1,5 námsár
Sam. arabísku fur.	USD	44.100	1,5 námsár
Singapúr	USD	44.100	1,5 námsár
Suður-Kórea	USD	44.100	1,5 námsár
Tæland	EUR	40.000	1,5 námsár
Ástralía	AUD	62.100	
Nýja-Sjáland	AUD	62.100	

Fylgiskjal IV.**Lán sem sjóðurinn hefur veitt.**

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952-61	3,50%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952-61	3,50%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. nóv.
M	1961-67	3,50%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961-67	3,50%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. nóv.
L	1967-75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apríl og 1. nóv.
X*	1976-82	Verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T**	1982-92	Verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992-2005	allt að 3% + verðtryggt	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.
G	2005-	allt að 3% + verðtryggt	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

* nefnast V-lán eftir sameiningu.

** nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst.

Skilgreiningar á helstu hugtökum.

- Afborganir lána:** Borgað er af námslánum tvisvar á ári, föst afborgun á fyrri hluta árs og tekjutengd í september. Afborgun reiknast sem hlutfall af tekjum ársins á undan afborgunarári. Þetta hlutfall er 4,75% af R-lánum en 3,75% af S- og G-lánum. Tekjutengda greiðslan er fundin með því að reikna viðeigandi hlutfall af tekjum fyrra árs og draga síðan föstu greiðsluna frá. Það sem eftir stendur er tekjutengda greiðslan. Ef greiðandi er með tekjur undir ákveðnum mörkum reiknast ekki tekjutengd greiðsla.
- Ástundarvottorð:** Námsmenn í heilsársnámskeiðum geta sent ástundunarvottorð frá skóla eftir haustönn. Í vottorðinu þarf að koma fram mat skóla á námsframvindu í heilsársnámskeiðum. Að námskeiðinu loknu þarf síðan að koma vottorð um að námskeiðinu hafi verið náð ásamt heildarfjölda eininga.
- ECTS-eining:** ECTS (European Credit Transfer and Accumulation System) er samræmdur mælikvarði á nám í aðildarríkjum Evrópusambandsins og annarra þátttakenda í Bolognaferlinu. 60 ECTS-einingar jafngilda fullu námsári.
- Fjórðungur/önn:** Ef skólaári er skipt í þrjú tímabil, þ.e. haust-, vetrar- og vorönn er miðað við að námsmaður í fullu námi hafi stundað nám í þrjá fjórðunga (annir) á námsárinu. Sumarönn telst vera fjórði fjórðungurinn.
- Fullt nám:** Námsmaður telst ljúka fullu námi ljúki hann 60 ECTS-einingum á skólaárinu eða 30 ECTS-einingum á misseri.
- Grunnframfærsla:** Sú fjárhæð sem sýnir lánsþörf námsmanns í leiguhúsnæði á námstíma eins og hún er skilgreind af stjórn sjóðsins.
- Lánsáætlun:** Eftir að námsmaður hefur sótt um námslán og skilað þeim gögnum sem sjóðurinn hefur óskað eftir, er reiknað út hversu hátt lán viðkomandi á rétt á miðað við tekjur og fjölskylduhagi. Lánsáætlun er birt rafrænt á „Mitt svæði“ námsmanns og gefur hún kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá

- viðskiptabanka námsmanns. Komi í ljós að lánsáætlun byggji á mistökum eða á röngum forsendum miðað við gildandi úthlutunarreglur þess námsárs sem sótt er um lán fyrir áskilur LÍN sér rétt til þess að breyta lánsáætlun til samræmis við þær reglur.
- Lokun skuldabréfs:** Skuldabréfi er lokað við lok þess tímabils sem námsmaður þiggur námslán, þ.e. við lok síðasta aðstoðartímabils. Vextir reiknast á lánið frá og með lokun skuldabréfs og almennt er miðað við að endurgreiðslur þess hefjist tveimur árum síðar.
- Maki:** Átt er við aðila sem er í hjúskap eða skráðri sambúð með lántaka.
- Misseri:** Ef skólaári er skipt upp í tvö jafnlöng tímabil að jafnaði, haust- og vormisseri er miðað við að námsmaður í fullu námi hafi stundað nám í tvö misseri. Sumarmisseri telst vera þriðja misserið.
- Námsár:** Er almennt 12 mánuðir og hefst að hausti og lýkur að sumri. Ef námsmaður stundar nám á sumarmisseri tilheyrir það misseri undangengnu námsári. Með námsári er í reglum þessum átt við námsárið 2016-2017.
- Námsferill:** Námsbraut sem lýkur með tiltekinni prófgráðu. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða prófgráðu.
- Námslengd:** Réttur námsmanna til námslána er tiltekinn í ECTS-einingum. Hafi námsmaður t.d. lokið 60 ECTS-einingum á skólaárinu og fengið lán fyrir þeim einingum, dragast þær frá þeim einingafjölda sem hann á rétt á lánunum til.
- Ofgreidd lán:** Ef námsmaður fær afgreitt herra lán en hann á rétt á, t.d. vegna vanáætlaðra tekna eða fyrirframgreiddra skólagjaldalána, ef hann lýkur ekki lánshæfum námsárangri á önninni, ber honum að endurgreiða lánið sérstaklega.
- Sambúð:** Sambúð tveggja einstaklinga sem skráðir eru í sambúð samkvæmt þjóðskrá.
- Sérnám:** Starfstengt nám sem ekki er kennt á háskólastigi. Nám á framhaldsskólastigi til stúdentsprófs telst ekki til sérnáms.
- Sjálfskuldarábyrgð:** Skuldarábyrgð sem er þannig háttáð að ábyrgðarmanni er skylt að greiða skuldina á gjalddaga þótt kröfuhafi hafi engar tilraunir gert til að fá hana greidda hjá aðalskuldara.
- Skólaár:** Er almennt 9 mánuðir og hefst að hausti og lýkur að vori. Með skólaári er í reglum þessum átt við skólaárið 2016-2017.
- Svigrúm:** Möguleg lágmarksnámsframvinda og heildarlánstími í tilteknu námi. Er meðal annars átt við fjölda eininga sem heimilt er að lána fyrir.
- Umboðsmaður:** Námsmenn erlendis þurfa að hafa umboðsmann sem þeir gefa umboð til að sjá um mál sín gagnvart lánasjóðnum. Umboðsmaður þarf að hafa heimilisfang á Íslandi. Námsmaður gefur umboð með því að rita nafn og kennitölu umboðsmanns í umsókn sína. Ef skipta á um umboðsmann skal það gert í gegnum „Mitt svæði“ eða með því að fylla út eyðublaðið „Breytingar á umsókn“. Enginn annar en námsmaður getur tilkynnt sjóðnum um nýjan umboðsmann.
- Umframeiningar:** Ef námsárangur námsmanns er umfram 30 ECTS-einingar á einhverju misseri skólaársins, þá á viðkomandi rétt á að nýta umframeiningarnar á öðru misseri sama skólaárs eða síðar í sama námsferli svo framarlega sem lágmarksárangri námsárs (22 ECTS) sé náð á misserinu.
- Undirbúningsnám:** Nám til undirbúnings náms á háskólastigi.
- Útreikningsmynt:** Námslán eru reiknuð í mynt þess lands þar sem námsmaður stundar nám sitt. Í ákveðnum tilvikum er útreikningsmynt önnur en mynt námslands.

Helstu breytingar á úthlutunarreglum skólaársins:

- Ekki verður lánað til einkanáms í tónlist frá og með námsári 2016-2017 líkt og boðað var í síðustu úthlutunarreglum en námsmenn sem voru í námi fá að ljúka því á grundvelli eldri reglna (gr. 1.3.3).
- Hámarkseiningafjöldi sem hægt verður að fá lán fyrir verða 480 ECTS-einingar í stað 540 ECTS-eininga. Þetta þýðir að nemandi sem fer í grunnnám (180 ECTS), mastersnám (120 ECTS) og doktorsnám (60 ECTS) getur fengið lán sem nemur 8 skólaárum með því að nýta sér sameiginlegt svigrúm (120 ECTS) og þannig lokið á hefðbundinn hátt grunnnámi, meistaranámi og doktorsnámi á lánum frá LÍN. Námsmenn geta enn tekið tvö mastersnám eða tvær bachelorgráður með því að nýta sér sameiginlega svigrúmið og að því gefnu að þeir fái 60 ECTS-einingar metnar úr fyrra námi.
- Heimild námsmanna til að nýta sér svigrúm vegna barneigna er útvíkuð þannig að aukið svigrúm sé í 12 mánuði eftir fæðingu barns í stað tveggja anna áður (gr. 2.4.4).
- Framfærslugrunnur námsmanna erlendis er uppfærður í samræmi við greiningu Analytica á framfærslu erlendis, frá því í fyrra. Framfærslugrunnur var leiðréttur í síðustu úthlutunarreglum til hækkunar í einu lagi þar sem þar var þörf og til lækkunar allt að 10%. Þar sem lækka þurfti framfærslugrunninn meira lækkar hann um 20% á árinu 2016-2017 og það sem eftir stendur kemur til lækkunar að fullu á námsárinu 2017-2018 (kafli III).
- Gert er ráð fyrir að það hlutfall sem LÍN lánar fyrir framfærslu hækki úr 90% í 92% og að frítekjumarkið verði óbreytt kr. 930.000.
- Uppgreiðsluafslátturinn verður ákveðinn við gerð hverra úthlutunarreglna og í úthlutunarreglum 2016-2017 hefur hann verið ákvarðaður 7,5% (gr. 8.3.2).

Framfærslutafla 2016-2017.

Taflan sýnir lánsupphæð á ECTS-einingu m.v. fjölskyldustöðu og búsetuform (sama upphæð fyrir leiguhúsnæði og eigið húsnæði).

		Námsm. For. hús	Námsm. Leiga	Námsm. sambúð Leiga	Námsm. sambúð Leiga	Námsm. sambúð Leiga	Námsm. sambúð Leiga	Einst. foreldri Leiga	Einst. foreldri Leiga	Einst. foreldri Leiga
	Fjöldi barna:	0	0	0	1	2	3	1	2	3
Land:	Mynt:									
Austurríki	EUR		183	161	202	239	271	264	306	338
Ástralía	AUD		308	268	332	387	434	445	511	558
Bandaríkin A	USD		337	291	344	388	422	473	529	563
Bandaríkin B	USD		234	201	249	289	323	342	392	426
Belgía	EUR		175	149	192	229	261	266	310	342
Bosnia	EUR		126	117	153	186	218	179	215	247
Brasilía	USD		142	115	160	200	234	237	284	318
Búlgaríá	EUR		58	52	87	120	152	102	137	169
Danmörk	DKK		1.026	896	1.184	1.445	1.679	1.551	1.847	2.081
Árósar	DKK		1.033	900	1.189	1.451	1.685	1.565	1.863	2.097
Kaupmannah.	DKK		1.455	1.251	1.569	1.846	2.080	2.147	2.479	2.713
Óðinsvé	DKK		1.030	913	1.195	1.453	1.687	1.527	1.818	2.052
Eistland	EUR		124	109	147	182	214	189	228	260
Ekvador	USD		162	126	175	216	250	276	327	361
England	GBP		165	143	174	201	223	236	269	291
London	GBP		192	166	199	226	248	273	308	330
Filippseyjar	USD		124	105	147	185	219	201	244	278
Finnland	EUR		137	120	159	194	226	208	248	280
Frakkland	EUR		138	119	159	195	227	212	253	285
París	EUR		198	168	212	251	283	297	343	375
Grikkland	EUR		149	126	167	204	236	233	276	308
Holland	EUR		159	135	177	214	246	244	288	320
Amsterdam	EUR		166	144	185	222	254	247	290	322
Íran	USD		131	112	154	192	226	208	251	285
Írská lýðv.	EUR		221	192	236	274	306	319	365	397
Ísland	ISK	11.913	25.918	22.821	28.510	33.642	38.067	37.240	43.073	47.498
Ísrael	EUR		187	158	202	240	272	285	331	363
Ítalía	EUR		156	137	177	213	245	232	273	305
Mílanó	EUR		204	171	217	255	287	310	358	390
Róm	EUR		251	217	263	302	334	358	407	439
Japan	JPY		23.150	20.590	25.790	30.461	34.602	33.029	38.405	42.546
Tokyo	JPY		24.192	21.440	26.720	31.430	35.571	34.502	39.971	44.112
Kanada A	CAD		251	208	271	325	370	394	460	505
Kanada B	CAD		197	158	219	272	317	330	394	439
Kína	USD		155	130	174	213	247	246	292	326
Kósóvó	EUR		157	140	179	215	247	227	268	300
Króatía	EUR		121	107	145	180	212	184	223	255
Kýpur	EUR		127	114	151	186	218	189	227	259

		Námsm. For. hús	Námsm. Leiga	Námsm. sambúð Leiga	Námsm. sambúð Leiga	Námsm. sambúð Leiga	Námsm. sambúð Leiga	Einst. foreldri Leiga	Einst. foreldri Leiga	Einst. foreldri Leiga
	Fjöldi barna:	0	0	0	1	2	3	1	2	3
Land:	Mynt:									
Lettland	EUR		147	133	171	206	238	211	250	282
Litháen	EUR		122	115	150	183	215	170	206	238
Lúxemborg	EUR		162	139	181	217	249	245	288	320
Malasía	USD		159	145	185	222	256	225	266	300
Malta	EUR		142	128	166	201	233	205	244	276
Mexikó	USD		198	160	210	252	286	317	369	403
Mónakó	EUR		221	173	225	267	299	362	417	449
N-Írland	GBP		186	163	195	221	243	259	292	314
Noregur	NOK		1.624	1.449	1.812	2.139	2.430	2.308	2.684	2.975
Nýja-Sjáláland	AUD		217	184	245	299	346	337	400	447
Perú	USD		181	150	197	237	271	284	333	367
Portúgal	EUR		101	87	125	160	192	164	202	234
Pólland	EUR		120	110	146	180	212	173	210	242
Rússland	EUR		132	120	157	192	224	190	228	260
Sam. arab. f.	USD		367	305	365	411	445	540	604	638
Serbia	EUR		121	110	146	181	213	178	216	248
Singapúr	USD		181	154	199	239	273	275	322	356
Síle	USD		201	182	224	262	296	277	320	354
Skotland	GBP		137	117	147	174	196	203	235	257
Slóvakía	EUR		115	100	138	173	205	181	221	253
Slóvenía	EUR		116	102	140	175	207	180	219	251
Spánn	EUR		145	127	166	202	234	218	259	291
Suður-Kórea	USD		201	175	220	259	293	293	339	373
Sviss	CHF		298	264	312	353	387	407	458	492
Svíþjóð	SEK		1.325	1.157	1.520	1.847	2.140	1.994	2.368	2.661
Tékkland	EUR		127	110	149	185	217	197	238	270
Tyrkland	EUR		125	104	145	181	213	204	247	279
Tæland	EUR		170	147	189	225	257	253	296	328
Ungverjaland	EUR		172	155	194	229	261	243	283	315
Wales	GBP		124	104	134	160	182	191	223	245
Þýskaland	EUR		129	114	152	187	219	195	234	266
München	EUR		143	124	164	200	232	217	258	290